



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags  
í landi Orustustaða í V-  
Skaftafellssýslu.



Bjarni F. Einarsson  
Nóvember 2014

Forsíðumyndin sýnir eina af rústunum vestur af Fjarhústanga í landi Orustustaða í Skaftárhreppi, áður Hörgslandshreppi (Fornleifar nr. 38:2. Ljósm. B.F.E).

## **F**ORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir Hreiðar Hermannsson  
Nóvember 2014

### ***Inngangur***

Að beiðni Björns S. Lárussonar fyrir hönd landeigenda Orustustaða, Hreiðars Hermannssonar, kannaði Fornleifafræðistofan deiliskipulagsreit úr landi Orustustaða og veglínu vestan við Eystra Eldhraunið að reitnum (sjá mynd 1). Þar er hótélbygging fyrirhuguð.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem Fornleifaskrá (skrá um friðlýstar fornleifar), örnefnaskrá og Sýslu- og sóknarlýsingar sem teknar voru saman árið 1841 fyrir Kirkjubæjarklausturssókn eins og sóknin þá hét.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 4. nóvember síðastliðinn.

Niðurstaða skráningarinnar er í töflu 1, á mynd 1 og meðfylgjandi fornleifaskrá.

Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu.

Utan við hið kannaða svæði varð vart við margar fornleifar, en allar voru þær utan við áhrifasvæðið.

Teiknistofan Landmótun sá um grunngögn og fulltrúi þeirra var Margrét Ólafsdóttir.



Mynd 1. Staðsetning hins væntanlega byggingarreits (efst) og legu vegar að honum (svört lína). Allar veglínur voru skoðaðar á vettvangi, nema leggurinn neðarlega á myndinni sem liggur að bænum Hraunbóli. Ástæðan var einkum sú að skallið var á myrkur og grunur um að þessi vegakafli væri ekki hluti af veginum að byggingarreitnum. Sjá staðsetningu fornleifa/minja á mynd 3. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Fornleifafræðistofan).

### Skráningin

Skv. lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á deiliskipulagsreitnum sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðgildi	Friðlýsa?	Mótvæðgerð
38:1-4	Rústir	4	Ekkert	Engin	Ágætt	1812-	Talsvert (6)	Talsvert (7)	Nei	Rannsóknir
38:1	Beitarhús	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1812-	Talsvert (6)	Talsvert (7)	Nei	Rannsóknir
38:2	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1812	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
38:3	Rústir	2	Ekkert	Engin	Sæm.	1812-	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsóknir
38:4	Garður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1812-	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Snið. GPS
39:1	Vegur	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Snið, GPS

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar í landi Orustustaða. Hætta og hættumat miðast við almennar aðstæður og að engar framkvæmdir séu í deiglu. Slík hætta er skilgreind sem tímabundin hætta eins og sjá má í fornleifaskrá. Mótvæðgerðir sem kalla á rannsóknir geta verið allt frá einföldum þverskurðum til heildarrannsókna, en Minjastofnun Íslands ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni þykja nauðsynlegir. Með GPS er átt við nákvæma hnitsetningu (skekkja minni en 10 sm).

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar minjar eru í landi Orustuhóls né næstu jarða.

Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Aðeins voru sex fornleifar/minjar skráðar á tveimur stöðum í tengslum við vettvangskonunina. Allar eru þær taldar hafa talsvert minja- og varðveislugildi og allar eru þær taldar vera yngri 1822, en þá voru Orustustaðir byggðir sem nýbýli eftir að Eldhraunið rann 1783-84. Rústirnar eru taldar hafa verið út frá Orustustöðum og eru einkar vel farnar flestar hverjar og svolítið sérstakar sumar. Sérstaklega á þetta við beitarhúsið (38:1) sem hefur nýtt sér mikla hraunhellu á rönd sem fékk nýtt hlutverk sem gafl í beitarhúsinu, enda er hellan býsna lík gafl. Vegurinn (39:1) virðist þó yngri, en hann gæti verið byggður ofan í leiðina að Orustustöðum sem vitað er að lá utan við hraunið (Sýslu- og sóknarlýsingar 1997:19) og er góður fulltrúi vegagerðar á Íslandi í upphafi vélvæðingar samgöngu-



Mynd 2. Gaflinn í beitarhúsinu (38:1) úr stórra hraunhellu. Glitta má í garðinn (jötunni) eftir miðju húsinu

tækja. Hann sýnir líka lausn á því vandamáli sem fylgdi því að leggja vegi yfir votlendi, en slíkt á sér lengri sögu en vélvæðingin nær til og vegir í Árnessýslu eru dæmi um og kölluðust brýr.

Fornleifarnar eru allar skammt vestur af hinum fyrirhugaða byggingarreit og mjög nálægt þar sem fyrirhugaður vegur beygir að reitnum sunnan við svokallaðan Fjárhústanga. Annars staðar við hinn fyrirhugaða veg fundust engar fornleifar, en a.m.k. 25 m breið skák sín hvoru megin við veginn, eða miðlínu hins fyrirhugaða vegar, voru kannaðar.



Mynd 3. Skipulagsreiturinn og fornleifar/minjar suður af Orustustöðum. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur. Fornleifafraeðistofan).

Við fyrirhugað efnistökusvæði sem mun verða 5.000 m<sup>2</sup> stórt, en miðja þess er E (X) 562963 N (Y) 369582, fundust engar fornleifar.

Vart varð við fleiri fornleifar í nágrenninu, sérstaklega við hraunröndina eins og t.d. norðan við byggingarreitinn skammt vestur af rústum Orustustaða og svo sjálfra rústa bæjarins.

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna sem nú voru skráðar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

### ***Niðurstaða***

Þó ekki séu fornleifarnar/minjarnar sem skráðar voru mjög gamlar eru þær þó friðaðar af lögum og góðir fulltrúar aldalangrar hefðar í fjárbúskap og samgangna. Þær eru einnig mjög fallegar þar sem þær kúra í fallegum grösugum hvammi við rætur stærsta hrauns sem runnið hefur í sögu Íslands. Til að forðast of mikla nálægð við hinn

fyrirhugaða veg og vernda gamla þjóðveginn er mælt með því að vegurinn nýji beygi suður fyrir allar fornleifarnar/minjarnar rétt áður en komið er að Fjánhústanga, allavega 15 m suður af gamla þjóðveginum.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki og vegaeftni of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifanna. Ef hönnun á vegi breytist umfram það sem hér er stungið upp á og staðsetningu byggingarreitsins verði breytt, getur það haft áhrif á fornleifar.

### **Heimildir**

- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Fjórða bindi. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Kaupmannahöfn 1925 og 1927.
- Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.
- Selfoss Suðurland*, 14. ágúst 2014. „Landnám á Brunasandi í kjölfar Skaftárelda. Ógleymanleg ferð um Brunasand í Vestur-Skaftafellssýslu undir leiðsögn fræðimanna. Ráðstefna og ritun um þessa yngstu sveit landsins er í burðarliðnum.“ 15. tbl. 3. árg. Bls. 8-9.
- Örnefnaskrá. Brunastandur. Hrúni. Orustustaðir. Hraunból. Sléttaból. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.

### **Fylgirit:**

#### **Fornleifasrká nr. 38-39**

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

38

Undirnr.

1-4

Sýsla

Vestur Skaftafellssýsla

Sveitarfélag

Skaftárhreppur

Tákntala

8509

Hverfi

Landareign

Nr

Heiti

Orustustaðir

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

5.11.2014

GPS Staðsetning

E 561760 N 370141

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

5

Tegund minja

Fjárhúsarústir

Tilgáta/Niðurstaða

Oru 14

Fjöldi

4

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Vegagerð

Tímab. hætta

Talsverð

Á kort?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

6

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

7

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Sunnan við Eystra Eldhraun um miðja vegu á milli Leirulækjar og Lambhúslækjar, um 25 m norðan við slóða í grasi grónum hvammi. Þarna heitir Fjárhústangi, en hann er austan við rústirnar.

Heimildir og munnmæli

Sýslu- og sóknarlýsingar. Skaftafellssýsla. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 1997. Örnefnaskrá. Brunasandur. Hrúni, Orustustaðir, Hraunból, Sléttaból. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

**Fjárhúsarústir.**

Rústirnar eru í grasi grónum hvammi, rétt vestan við Fjárhústanga sem er í Eystra Eldhrauni.

Hvammurinn er mjög vel gróin grasi og inn af honum eru fleiri hvammar og skálar í jaðri hraunsins sem einnig eru vel grónir grasi.

Hér og hvar má sjá grjóthrúgur sem gætu verið aðdrættir vegna húsbygginga, eða að tún hafi verið lögð og þau hreinsuð af grjóti svo hægt væri að slá þau.

Hugsanlega eru fleiri minjar á staðnum, sérstaklega aðhöld af ýmsu tagi sem geta hafa verið byggð með staurum og gaddavír á milli rústanna.

Líklega eru rústir þessar frá Orustustöðum, en það býli var byggt upp árið 1812 (Örnefnaskrá) eða 1822 (Sýslu- og sóknarlýsingar 1997:192). Er síðara ártalið rétt.

Á ljósm. sést rúst 2), hluti af rúst 3) til vinstri og hluti af rúst 4) til hægri ofarlega.


PGS er mælt við rúst 2).

Minja- og ekki síst varðveislugildið felst fyrst og fremst í heildinni.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

38

Sýsla

Vestur Skaftafellssýsla

Sveitarfélag

Skaftárhreppur

Tákntala

8509

Hverfi

Landareign

Orustustaðir

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

5.11.2014

GPS Staðsetning

E 561767 N 370131

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

5

Tegund minja

Beitarhús

Tilgáta/Niðurstaða

Oru 14

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Ágætt

1550-1900

Vegagerð

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

6

Talsvert

7

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Sunnan við Eystra Eldhraun um miðja vegu á milli Leirulækjar og Lambhúslækjar, um 25 m norðan við slóða í grasi grónum hvammi.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Brunasandur. Hrúni, Orustustaðir, Hraunból, Sléttaból. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

**Beitarhús.**

5 x 10 m (NA - SV). Veggir úr hraungrjóti (og torfi?), 1 - 2 m breiðir og 0,1 - 1 m háir. Dyr snúa mót SV.

Allur NA gaflinn er ein stór hraunhella.

Garðlög (hleðslur) sjást á allar hliðar að innanverðu, en hvergi að utan. Beitarhúsið og gólf þess er vel gróið grasi og mjög heilt.

Hugsanlega hefur garður (jata) legið eftir miðju beitarhúsinu langsum og er þá húsið tvístætt.

5 m NV af 1) er 2).

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

38

Undirnr.

2

Sýsla

Vestur Skaftafellssýsla

Landareign

Orustustaðir

Sveitarfélag

Skaftárhreppur

Nr

Tákntala

8509

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

5.11.2014

GPS Staðsetning

E 561760 N 370141

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

5

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Oru 14

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Ágætt

1550-1900

Vegagerð

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

6

Talsvert

6

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Sunnan við Eystra Eldhraun um miðja veginum milli Leirulækjar og Lambhúslækjar, um 25 m norðan við slóða í grasi grónum hvammi. Um 5 m NV af 38:1.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Brunasandur. Hrúni, Orustustaðir, Hraunból, Sléttaból. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

**Rúst.**


4 x 5 m (NV - SA). Veggir úr hraungrjóti (og torfi), 1 - 1,4 m breiðir og 0,1 - 0,9 m háir. Dyr snúa mót NV og í þeim liggja fúnir staurar.

Garðlög sjást í NA hlutanum að innanverðu og við dyrnar.

Við NV-hornið er áföst rúst 3).

Rústin og gólf hennar eru vel gróin grasi.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

38

Undirnr.

3

Sýsla

Vestur Skaftafellssýsla

Landareign

Orustustaðir

Sveitarfélag

Skaftárhreppur

Nr

Tákntala

8509

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

5.11.2014

GPS Staðsetning

E 561754 N 370139

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

5

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Oru 14

Fjöldi

2

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Sæmilegt

1550-1900

Vegagerð

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

6

Talsvert

6

Nei

Nei

Legg og staðhættir

Sunnan við Eystra Eldhraun um miðja veginum milli Leirulækjar og Lambhúslækjar, um 25 m norðan við slóða í grasi grónum hvammi. Áföst rúst 38:2.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Brunasandur. Hrúni, Orustustaðir, Hraunból, Sléttaból. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing


**Rúst.**

4 x 6 m (NV - SA). Veggir ur hraungrjóti og torfi, 1 - 1,6 m breiðir og 0,3 - 1 m háir. Dyr eru ekki greinanlegar svo að vel sé, en eru annaðhvort á gafli mót NV eða á langhlið nálægt NV gafli mót SV. Garðlög hvergi sjáanleg. Rústin og gólf hennar eru vel gróin grasi.

Við SV - hornið er aðhald, (stekkur?) um 5 x 6 m (NA - SV). Er veggir þess vel gróinir og sumstaðar stungnir út þannig að bakkinn myndar vegginn.

2 m NA af 3) er 4).

Teikning/Ljósmynd



Rústir við Fjál forleifar nr.

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

38

Undirnr.

4

Sýsla

Vestur Skaftafellssýsla

Landareign

Orustustaðir

Sveitarfélag

Skaftárhreppur

Nr

Tákntala

8509

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

5.11.2014

GPS Staðsetning

E 561754 N 370144

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

5

Tegund minja

Garður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Oru 14

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Ágætt

1550-1900

Vegagerð

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

5

Talsvert

5

Nei

Nei

Legg og staðhættir

Sunnan við Eystra Eldhraun um miðja vegu á milli Leirulækjar og Lambhúslækjar, um 25 m norðan við slóða í grasi grónum hvammi. 2 m NA af rúst 38:3.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Brunasandur. Hrúni, Orustustaðir, Hraunból, Sléttaból. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

**Garður.**

2 m breiður og 11 m langur (NA - SV). Hæð hans er 1 m og býsna regluleg. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrjóti og mjög beinn og vel farinn.

Til hvers garðurinn hefur verið notaður er ekki ljóst. Minnir mest á vörslugarð við útræði.

Sjá teikningu á blaði 38:3.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

38

Undirnr.

1-4

Sýsla

Vestur Skaftafellssýsla

Landareign

Orustustaðir

Sveitarfélag

Skaftárhreppur

Nr

Tákntala

8509

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

5.11.2014

GPS Staðsetning

E 561760 N 370141

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

5

Tegund minja

Fjárhúsarústir

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Oru 14

Fjöldi

4

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Vegagerð

Tímab. hætta

Talsverð

Á kort?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

6

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

7

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Sunnan við Eystra Eldhraun um miðja vegu á milli Leirulækjar og Lambhúslækjar, um 25 m norðan við slóða í grasi grónum hvammi. Þarna heitir Fjárhústangi, en hann er austan við rústirnar.

Heimildir og munnmæli

Sýslu- og sóknarlýsingar. Skaftafellssýsla. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 1997. Örnefnaskrá. Brunasandur. Hrúni, Orustustaðir, Hraunból, Sléttaból. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

**Fjárhúsarústir.**

Rústirnar eru í grasi grónum hvammi, rétt vestan við Fjárhústanga sem er í Eystra Eldhrauni.

Hvammurinn er mjög vel gróin grasi og inn af honum eru fleiri hvammar og skálar í jaðri hraunsins sem einnig eru vel grónir grasi.

Hér og hvar má sjá grjóthrúgur sem gætu verið aðdrættir vegna húsbygginga, eða að tún hafi verið lögð og þau hreinsuð af grjóti svo hægt væri að slá þau.

Hugsanlega eru fleiri minjar á staðnum, sérstaklega aðhöld af ýmsu tagi sem geta hafa verið byggð með staurum og gaddavír á milli rústanna.

Líklega eru rústir þessar frá Orustustöðum, en það býli var byggt upp árið 1812 (Örnefnaskrá) eða 1822 (Sýslu- og sóknarlýsingar 1997:192). Er síðara ártalið rétt.

Á ljósm. sést rúst 2), hluti af rúst 3) til vinstri og hluti af rúst 4) til hægri ofarlega.


PGS er mælt við rúst 2).

Minja- og ekki síst varðveislugildið felst fyrst og fremst í heildinni.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmýnd



Ljósmýnd



Ljósmýndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

39

Undirnr.

1

Sýsla

Vestur Skaftafellssýsla

Landareign

Orustustaðir o.fl.

Sveitarfélag

Skaftárhreppur

Nr

Tákntala

8509

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

5.11.2014

GPS Staðsetning

-

Viðmiðun

-

M.y.s.

-

Skekkja

-

Tegund minja

Upp hlaðinn vegur

Tilgáta/Niðurstaða

Oru 14

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Vegagerð

Tímab. hætta

Talsverð

Á kort?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

5

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

5

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Vegurinn er upphlaðinn skammt vestur frá Fjánhúsatanga og austur úr næstu eyðibæjum. Liggur bæði á sléttunni og í hraunkanntinum á Eystra Eldhrauni. Er hann um 50 - 70 m suður af fornleifum nr. 38:1-4.

Heimildir og munnmæli

Sýslu- og sóknarlýsingar. Skaftafellssýsla. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 1997.

Lýsing

**Upp hlaðinn vegur.**

Breiddin er um 4 m og hæðin 0,3 - 0, 5 m þar sem hann var skoðaður.

Vegurinn er í beinu framhaldi af niðurgrafna malarveginum sem liggur úr vestri meðfram hraunbrúninni. Þegar hann kemur fram á mýrarnar við Fjánhústanga er hann upp hlaðinn alla leið að Orustustöðum. Svo er hann aftur upp hlaðinn þegar fram hjá þeim er komið.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir að alfaravegurinn hafi legið frá Orustustöðum með hrauninu og svo beint áfram að Uppsölum og Seglbúðum í Landbroti, en einnig hafi afleggjari legið til Foss á Síðu (1997:192). Aðal vegurinn lá þó með síðunni og svo suður með Eldhrauninu (1997:19).

(Efri myndin tekin vestan við Fjánhústanga. Neðri ljósm. tekin austan við Orustustaði). Ekki GPS mælt.

Ekki er víst að vegurinn teljist til fornleifa, en hann er fallegur og ætti að fá að njóta þess. Hann gæti að auki verið hlaðinn upp yfir eldri götu.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410